

## **Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 4. febrúar 2016 kl. 10:30-12 í Nýja Garði**

Mætt voru: Védís Ragnheiðardóttir (fulltrúi doktorsnema), Benedikt Hjartarson (B&L), Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Gunnar Harðarson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Auður Hauksdóttir (SVF), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Vilhjálmur Árnason (SIÐ) og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Valur Ingimundarson (EDDA), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK) og Margrét Guðmundsdóttir boðuðu forföll.

### **Fundargerð**

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð frá 8. desember var samþykkt.

2. *Hugvísindaping*: ESS kynnti yfirlit yfir tillögur að málstofum á Hugvísindapingi. Alls hafa voru 146 tillögur að erindum í allt að 40 málstofum. ER taldi vanta eina málstofu sem hann vissi um og það um að það yrði athugað. Allar tillögur að málstofum voru einróma samþykktar. VR spurði hvort MA nemar mættu taka þátt, þar sem það hafi áður verið bannað og var því svarað að þeim hafi verið heimilt að taka þátt í málstofum á þinginu, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, frá 2015. GH kynnti hugmyndir að kynningum á þinginu, þ.e. tvær tillögur að útliti á dagskrárbæklingi, og var samþykkt að velja aðra þeirra. Hann hvatti fólk til að hvetja nemendur til að mæta á þingið og jafnvel gera þátttöku í því að hluta að námskeiðum. GH kynnti hugmyndir að opnunarfyrirlestri á sviði umhverfishugvísinda. AH bað um að íslenskar rannsóknir á sviðinu yrðu kynntar vel og var samþykkt að athuga það. ESS kynnti hugmyndir um að bjóða málstofustjórum að láta taka við sig viðtöl um málstofur þeirra til kynningar á netinu.

3. *Matskerfi opinberra háskóla*: GH gerði grein fyrir erindi sem sviðinu hafði borist vegna endurskoðunar á matskerfi opinberra háskóla. Erindinu fylgdu 8 spurningar sem sviðið var beðið um að senda svör við. Ýmis mál tengd matskerfinu voru rædd, m.a. hvort kerfið hvetti nægjanlega til nýsköpunar, um mat á bókum og birtingum á öðrum tungumálum en ensku og um hversu víða kerfið væri notað í starfsemi háskólans. Samþykkt var að skipa lítinn starfshóp til að gera drög að svörum sem yrðu borin undir vísindanefnd. Lagt var til að í hópnum væru GH, VI, ESS, Birna Arnbjörnsdóttir og Ástráður Eysteinnsson.

4. *Sóknarstyrkir*: ESS kynnti málið. Þeir sem sækja um erlenda samkeppnisstyrki geta sótt um „sóknarstyrki“ frá Rannís og vísinda- og nýsköpunarsviði vegna umsóknanna. Hugvísindastofnun sér almennt um að sækja um þessa styrki og þeir koma til Hugvísindasviðs. Í sumum tilfellum fara sóknarstyrkirnir í að greiða útlagðan kostnað vegna ferða eða aðkeyptrar þjónustu en oftast eru þeir vegna vinnu starfsmanna stofnana. Rætt var hvort styrkirnir ættu að renna óskiptir til verkefna eða fræðimanna sem stóðu að umsókn eða hvort þeir ættu að renna í pott hjá Hugvísindastofnun sem skipti þeim síðan út. Samþykkt var að fara seinni leiðina og beðið um drög að verklagi fyrir næsta fund.

5. *Rannsóknasjóður*: Tvær umsóknir voru teknar fyrir sem bárust fyrir umsóknafrest í desember 2015. Samþykkt var að styrkja báðar.

Umsækjandi	Tegund	Vegna	Hámarkshupphæð	Afgreiðsla
MVS – RÍM	3	K. Baten eða J. Copaert	100.000	Samþykkt
B&L	1	Theatre and the popular	300.000	Samþykkt

Erindi frá SVF vegna útgáfustyrkja var tekið fyrir. AH vék af fundi á meðan. Samþykkt var að styrkja útgáfu bókar sem var skráð með útgáfuárið 2014 á árinu 2015 á þeirri forsendu að það hafi verið mistök að skrá bókina 2014 því að hún hafi í raun komið út í janúar 2015.

6. *Vísindanefnd*: VI, fulltrúi sviðsins í vísindanefnd, var forfallaður. ESS sagði frá vinnu við úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði HÍ í janúar, sem skv. VI hafði gengið mjög vel. Vinna fagráðs hugvísinda gekk vel, samstarf fulltrúa í vísindanefnd og fagráðs var gott og vinna vísindanefndar HÍ fór fram í mikilli sátt og gagnkvæmum skilningi. Allar umsóknir af Hugvísindasviði voru samþykktar en í sumum tilfellum fengu styrkþegar lægri styrk en þeir hefðu getað fengið hefðu þeir sótt um hærri upphæð en þeir gerðu.

5. *Önnur mál*: Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 12:00